

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Oddnýju G. Harðardóttur um viðtöl við sérfræðilækna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikið þurfti sjúklingur að greiða úr eigin vasa fyrir eitt einstakt viðtal við sérfræðilækni ár hvert frá 2018–2022, sundurliðað eftir sérgreinum lækna?

Heilbrigðisráðuneytið óskaði m.a. eftir upplýsingum vegna fyrirspurnarinnar frá Sjúkra-tryggingum Íslands. Rétt er að benda á að greiðsluþátttaka sjúklinga í kostnaði hjá sérgreinalæknum sem og fyrir aðra heilbrigðisþjónustu fer eftir stöðu einstaklinga í greiðsluþátttökukerfinu. Það kerfi sér til þess að einstaklingur greiði aldrei meira en ákveðna hámarksfjárhæð á mánuði fyrir heilbrigðisþjónustu.

Samningar við sérgreinalækna féllu úr gildi árið 2019 og hafa sérgreinalæknar innheimt aukagjöld af sínum skjólstæðingum sem SÍ fá ekki upplýsingar um. Þau gjöld eru því ekki í meðfylgjandi gögnum en bætast við þá fjárhæð sem einstaklingur greiðir samkvæmt greiðsluþátttökukerfi. Meðfylgjandi er tafla þar sem finna má upplýsingar um meðalkostnað einstaklinga við komu til sérgreinalækna árin 2018–2022.

Hámarksgreiðsla:

- Almennt gjald: 28.162 kr.
- Aldraðir, öryrkjar og einstaklingar á endurhæfingarlífeyri: 18.775 kr.
- Börn 2–18 ára: 18.775 kr.
- Börn yngri en 2ja ára: ekkert gjald.
- Börn og ungmenni, 2–19 ára, með umönnunarmat: Ekkert gjald.

Börn innan sömu fjölskyldu teljast sem eitt barn í greiðsluþátttökukerfinu.

Börn yngri en 18 ára fá þjónustuna gjaldfrjálst ef þau eru með tilvísun, annars eru greidd 30% af gjaldskrá sem telur inn í greiðsluþátttökukerfið.

Mánaðarleg greiðsla eftir að hámarksgreiðslu er náð:

- Almennt gjald: 4.694 kr.
- Aldraðir, öryrkjar og einstaklingar á endurhæfingarlífeyri: 3.129 kr.
- Börn yngri en 18 ára: 3.129 kr.

Meðalkostnaður einstaklings á komu.

Samningur	2018	2019	2020	2021	2022
Augnlæknar	5.078	5.385	5.891	5.820	6.284
Augnskurðlækningar	7.179	7.430	7.767	8.453	7.124
Barnageðlæknar	1.144	971	985	935	909
Barnahjartalæknar	2.773	2.603	2.726	2.514	3.096
Barnalæknar	949	802	681	679	728
Bæklunarlæknar	4.234	4.514	4.674	4.465	4.773
Endurhæfingarlæknar	4.378	2.843	2.597	2.362	3.309
Geðlæknar	4.418	4.803	5.090	5.241	5.683
Háls-, nef- og eyrnalæknar	3.488	3.685	3.947	3.914	3.726
Húðlæknar	5.201	5.454	5.757	5.692	5.992
Krabbameinslæknar	3.809	4.023	3.529	2.972	2.198
Kvensjúkdómalæknar	8.241	8.468	9.024	9.063	9.268
Lyf-blóðfræðingar	4.902	5.208	5.659	5.417	5.769
Lyf-efnaskiptalæknar	5.361	5.817	5.923	5.628	5.908
Lyf-gigtarlæknar	4.333	4.746	5.010	4.967	5.312
Lyf-hjartalæknar	5.743	6.122	6.473	6.322	6.547
Lyf-lungnalæknar	4.998	5.313	5.466	5.430	6.216
Lyf-meltingarlæknar/speglanir	7.882	8.772	9.032	9.446	10.294
Lyf-nýrnalæknar	4.572	5.509	6.246	5.617	6.882
Lyf-ofnæmis- og ónæmislæknar	9.060	9.404	10.113	10.603	10.795
Lýtalæknar	6.146	6.250	6.631	6.817	7.349
Sérfræðingar í heimilislækningum	4.256	5.814	5.696	6.916	6.998
Skurðlæknar	5.984	6.394	6.784	6.800	7.467
Svæfingarlæknar*	258	146	140	194	115
Taugalæknar	4.280	4.958	5.070	5.101	5.503
Þvagfæralæknar	5.780	6.412	6.751	6.896	7.320
Öldrunarlæknar	3.452	4.333	4.936	5.237	5.362
Meðaltal	4.737	5.044	5.281	5.315	5.590

*Þegar einstaklingur fer í aðgerð þá greiðir hann skurðlækninum fyrst og svo svæfingarlækninum, því lendir nánast allur kostnaður vegna svæfingarlæknisins á SÍ.